

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1995 og gilda til 31. desember 1997.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Þrátt fyrir að lögin taki ekki gildi fyrr en 1. júlí 1995 skal dómsmálaráðherra þegar skipa samfélagsþjónustunefnd skv. 5. gr. sem starfar fram til 1. júlí 1995 að undirbúningi að gildistöku laganna.

*Gjört í Reykjavík, 29. apríl 1994.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Þorsteinn Pálsson.*

13. maí 1994

Nr. 56

**LÖG**

**um breyting á lögum nr. 65/1982, um skattskyldu innlánsstofnana,  
með síðari breytingum.**

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

1. Í stað orðanna „Viðskiptabankar, sparisjóðir, veðdeildir við innlánsstofnanir og opinberir fjárfestingarlánasjóðir“ í 1. mgr. kemur: Lánastofnanir aðrar en eignarleigufyrirtæki.
2. 2. mgr. fellur brott.

2. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Heimildir til niðurfærslu viðskiptaskulda í 2. málsl. 3. tölul. 1. mgr. 31. gr. og 2. og 3. málsl. 5. tölul. 74. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt gilda ekki um skattskylda aðila samkvæmt lögum þessum.

Frá tekjum aðila sem skattskyldir eru samkvæmt lögum þessum má draga þau almennu og sérstöku framlög í afskriftareikning útlána sem gjaldfærð eru í rekstrarreikningi í samræmi við gildandi reglur um ársreikning þessara aðila. Staða afskriftareiknings útlána í árslok dregst frá við uppgjör á eignarskattsstofni.

Færsla á tillögum í afskriftareikning innan eigin fjár er ekki heimilt að draga frá tekjum. Þessi eiginfjárreikningur skal ekki dreginn frá við uppgjör á eignarskattsstofni.

3. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Lánastofnanir skulu undanþegnar stimpilgjaldi af fjárskuldbindingum sem þær kunna að taka á sig.

## 4. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um skattskyldu lánastofnana.**

## 5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1995 og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1996 vegna tekjuársins 1995.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Á því ári þegar lög þessi öðlast gildi skulu viðskiptabankar og sparisjóðir samkvæmt þeim leysa upp og færa til skattskyldra tekna þá upphæð sem stendur á afskriftareikningi útlána sem byggist á ákvæði 3. gr. laga nr. 65/1982, sbr. 2. gr. laga nr. 51/1984. Miða skal tekjufærslu við stöðu reikningsins 31. desember 1993. Ákvæði 1. gr. laga þessara skulu síðan gilda um skattaleg reikningsskil viðkomandi skattaðila frá því tímamarki.

*Gjört í Reykjavík, 13. maí 1994.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Friðrik Sophusson.*

**LÖG**

**um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt  
og eignarskatt, með síðari breytingum.**

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Við 30. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Hafi maður leigutekjur af íbúðarhúsnæði, án þess að það teljist vera atvinnurekstur eða sjálfstæð starfsemi, er honum heimilt í stað beins kostnaðar skv. 2. mgr. að draga frá þeim tekjum húsaleigugjöld af íbúðarhúsnæði til eigin nota. Frádráttur þessi leyfist eingöngu til frádráttar leigutekjum af íbúðarhúsnæði sem ætlað er til eigin nota en er tímabundið til út-leigu.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 1995 á tekjur ársins 1994.

*Gjört í Reykjavík, 13. maí 1994.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Friðrik Sophusson.*